

## 116. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 21. apríl 2009, kl. 17: 00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Helgi B. Haraldsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Reitarvegur 6a, íbúðarhús. Byggingarleyfi.  
Jon Nordstein kt. 180756 2139 sækir um f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 um að byggja einbýlishús við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. 6. mars '09. Stærðir: 587,9 m<sup>3</sup>, 193,8 m<sup>2</sup>. Erindið var í grenndarkynningu til og með 16. apríl, fyrir eigendum húsa við Reitaveg nr. 2, 4, 4a og 6. Engar athugasemdir bárust.  
Byggingarleyfisumsókn samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingareglugerðar. Gjöld samtals kr.
2. Víkurgata 8, stækkun og endurbygging á útihúsi.  
Jon Nordstein sækir um f.h. Þorgeirs Kristóferssonar kt. 101261 7199 Víkurgötu 8, að endurbyggja og stækka útihús á lóð fyrir bílskúr, bátaskýli og vinnustofu með geymslulofti, sbr. bréf og teikningar dags 6. mars '09. Stærðir: Erindið var í grenndarkynningu sem óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar. til og með 17. apríl, fyrir eigendum/leigjendum Víkurgötu 7, Laufásvegi 4, Aðalgötu 11 og 13. Engar athugasemdir bárust.  
Nefndin leggur til að óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar dags. 17.03. 2009 verði samþykkt. Byggingarleyfisumsókn samþykkt með fyrirvara á gildistöku deiliskipulags og að uppfylltum skilyrðum byggingareglugerðar. Gjöld samtals kr.
3. Lágholt 23. Viðbygging.  
Hafís Bjarnadóttir Lágholti 23 sækir um að stækka bílskúr á jarðhæð hússins að sunnanverðu og hafa svalir ofan á viðbyggingu samkvæmt teikningum frá EK dags. sept. 2008. Stærðir 28,3 m<sup>2</sup>, 73,9 m<sup>3</sup>.  
Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið fyrir eigenda Lágholts nr. 25.
4. Laufásvegur 10. Gervihnattadiskur.  
Símon Sturluson sækir um f.h. Saulius Jakeliunas um leyfi til að setja upp gervihnattamóttökudisk við húseignina Laufásveg nr. 10. Skriflegt samþykki eigenda efri hæðar liggur fyrir.  
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
5. Aðalgata 27a. Klæðning á þjónustuhúsi.  
Stykkishólmsbær sækir um að klæða þjónustuhús á tjaldstæði með flísum í stað timburs samkv. teikn. dags. 17.04. 2009.  
Erindi samþykkt með fjórum atkvæðum. Guðmundur er á móti.

6. Aðalgata 27. Niðurrif á þjónustuhúsi.  
Stykkishólmsbær sækir um að láta fjarlægja þjónustuhús tjaldstæðis af lóðinni Aðalgötu 27.  
Erindi samþykkt.
7. Höfnin, skilti.  
Símon Sturluson sækir um f.h. Stykkishólmsbæjar að staðsetja skilti um sögu hafnarinnar á hafnarsvæði sbr. tillögu dags. 17.04. 2009.  
Nefndin leggur til að skilti verði staðsett við vesturenda á bólverki sbr. nr. 4 á tillöguteikningu.
8. Hesthúsabyggð. Drög að reglum um umgengni í hesthúsabyggð við Fákaborg.  
Lagðar fram athugasemdir Hesteigendafélagsins á tillögu um reglugerð um hesthús og hesthúsahverfi í Stykkishólmi.  
Tillögur lagðar fram og ræddar. Erindi frestað.
9. Samningur við Skipavík á frístundabyggð.  
Samningur lagður fram til kynningar sem gerður var milli Stykkishólmsbæjar og Skipavíkur um land undir frístundabyggðina við Arnarborgir, dags. 15. október 2003.  
Samningur lagður fram.
10. Önnur mál.
  - 10.a. Rætt var um nauðsyn á stækkun gámasvæðisins í Heljarmýri.

B.V.